

Haustfundur forstöðumanna almenningsbókasafna

Haldinn í Háskólanum á Akureyri stofu L203 2.október 2014 kl. 10:00

Heiðrún setti fund og bað fundargesti um að kynna sig.

1. Upprifjun frá vorfundi. Sunna Njálisdóttir gerir grein fyrir niðurstöðum úr hópavinnunni sem unnin var á vorfundi SFA.

Sunna las niðurstöður eða skýrslu sem ráðgjafafyrirtækið Alta vann fyrir samtökin á og í kjölfar vorfundar FÍNU í maí. Send var út könnun og unnið í hópum með niðurstöðurnar á vorfundinum. Björg Ágústsdóttir hjá Alta stýrði umræðum og vann upp úr gögnum ásamt niðurstöðum hópavinnu sem farið var í á vorfundi. Drög að lokaskýrslu verða send félagsmönnum. Niðurstöður úr könnun sem send var út fyrir vorfundinn voru unnar áfram í hópastarfi.

Unnið af Alta fyrir SFA. Drög að lokaskýrslu verða send á póstlistann til skoðunar.

Hólmkell stakk upp á að félagsmenn fengju frest til að lesa þetta yfir og tækju svo saman tillögur ða næstu skrefum. Stjórnin mundi leiða þá vinnu.

Ljóst er að það þarf að vinna skýrsluna betur.

2. Pálína Magnúsdóttir segir okkur frá því sem upp úr stendur í hennar huga frá IFLA ráðstefnu í sumar. Pálína var veðurteppt í Reykjavík en Sigrún sagði aðeins frá ráðstefnunni.

Hún sagði að þetta væri í fjórða skipti sem hún fer á IFLA ráðstefnu. Hún átti í tungumálaörðugleikum. Fyrirlestrar voru á frönsku og ekki var hægt að fá tæki til að túlka. Öll opunarhátíðin var á frönsku. Henni fannst of lítið af fyrirlestrum til að fylla dagana. Of lítið sem hentaði almenningsbókasöfnum og því sem Sigrún var að leita eftir vegna bókasafnsins í Kópavogi.

3. Drög að lagabreytingum, breyting á heimilisfesti samtakanna og fyrirkomulag á áframhaldandi þátttöku forstöðumanna sem fara á eftirlaun. Breyta nafni samtakanna í þjóðskránni. Einnig spurning hvort megi fjölga mönnum í stjórn. Þurfi að vera lágmark tveir varamenn í stjórn. Samþykkt var að settir verði inn 3 varamenn.

Einnig var bent á að breyta þurfi nafni Blindrabókasafnsins í Hljóðbókasafn Íslands.

4. Kynningarmál fyrir bókasöfnin.

Í kjölfar þess að Hólmkell sendi tengil á áhugaverða skýrsla sem unnin var um almenningsbókasöfn í Bandaríkjunum, skoraði Hrafn á stjórn Finu að senda fulltrúa til ráðherra og kynna málið og benda á að styrkja þurfi stöðu skólabókasafna. Lagt var til að Marta, Hrafn og Anna Sigga væru í nefndinni. Marta óskaði eftir að einhver yngri yrði fenginn í nefndina í hennar stað og bauð Stefanía Gunnardóttir frá bókasafnin í Reykjanesbæ sig því fram með Hrafn og Önnu Siggú í nefndina.

5. Önnur mál.

Heiðrún spurði hvort ekki væri kominn tími á að bókasöfnin auglýsi sig í stóru fjölmiðlum.

Margrét kom með þá tillögu hvort kynningarsjóðurinn ætti ekki bara að fara í að forstöðumenn færu í kynningarferðir til útlanda.

Oddný telur meira koma útúr sameiginlegum verkefnum.

Rætt um stóra lestrarverkefnið „Allir að lesa“.

www.allirlesa.is

Ísafjörður: hefur einhver gert þjónustukönnun meðal gesta. Nú er verið að vinna að þjónustukönnun fyrir bókasöfnin í Reykjavík, það er gestakönnun.

Spurt hvort hægt væri að fá netpóst úr gegni.

Ritari settur í að safna spurningum sem sendar hafa verið út til gesta til að kanna viðhorf þeirra til bóakasafna. Barbara sendir beiðni út á póstlistann, tekur saman spurningarnar og gerir þær aðgengilegar t.d. á vefsíðu SFA /fína félagsins.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið